



# Sóknaráætlun Vestfjarða 2022

Árleg greinargerð Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga  
um framkvæmd samnings um sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur.....</b>	<b>3</b>
<b>1. Mat á árangri sóknaráætlunar .....</b>	<b>4</b>
<b>2. Fjárframlög til samningsins .....</b>	<b>5</b>
Tafla 1: Heildarfjárhæð samnings 2022 .....	5
Tafla 2: Ráðstöfun fjárframlaga 2022.....	5
<b>3. Samráðsvettvangur.....</b>	<b>6</b>
Tafla 3: Skiptan Fulltrúa í samráðsvettvang .....	6
<b>4. Áhersluverkefni.....</b>	<b>7</b>
Áhersluverkefni 2022 .....	7
Tafla 4: Áhersluverkefni 2022 .....	7
Orkuskipti í haftengdri starfsemi- sviðmyndir .....	8
Ungmenni fyrir Vestfirði framtíðar .....	8
Menntastefna fyrir Vestfirði .....	8
Sýnilegri Vestfirðir .....	8
Nýsköpun og samfélagsmiðstöðvar .....	8
Visit Westfjords .....	8
Vestfjarðaleiðin.....	9
Blámi .....	9
<b>5. Uppbyggingarsjóður .....</b>	<b>10</b>
Áherslur ársins 2022 .....	10
Fagráð og úthlutunarnefnd.....	10
Úthlutun og styrkir árið 2022 .....	12
Tafla 5: Upplýsingar um umsóknir/styrki árið 2022 .....	12
Tafla 6: Atvinnugreinaflokkun umsókna .....	15
Tafla 7: Atvinnugreinaflokkun styrkja .....	15
Fyrirmyndarverkefni árið 2022 .....	16
Vitalína Kertahússins.....	16
International Westfjords Piano Festival.....	16
<b>6. Lokaorð .....</b>	<b>17</b>
<b>7. Undirritun og staðfesting .....</b>	<b>18</b>
<b>8. Viðauki – leiðbeiningar og skilgreining hugtaka í töflum .....</b>	<b>19</b>

## Inngangur

Ný Sóknaráætlun Vestfjarða fyrir árin 2020-2024 var samþykkt á fundi stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðastofu þann 21. október 2019. Áætlunin var síðan kynnt á 4.Haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga sem haldið var á Hólmavík 25. og 26. október sama ár. Vinnan við gerð Sóknaráætlunar stóð yfir frá vordögum 2019 og var mikil áhersla lögð á víðtækt samráð við íbúa og aðra hagaðila. Ætla má að vel á þriðja hundrað manns hafið komið að gerð áætlunarinnar með einum eða öðrum hætti.

Sóknaráætlanir landshluta eru stefnumótandi áætlanir sem taka til starfssvæða landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í þeim koma fram stöðumat viðkomandi landshluta, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Í Sóknaráætlunum landshluta er mælt fyrir um svæðisbundnar áherslur sem taka mið af menningarstefnu og, eftir atvikum, annarri opinberri stefnumótun.

Í Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024, er unnið út frá fjórum lykilmálaflokkum og eru sett fram markmið og áhersluatriði í hverjum málaflokki.

Flokkarnir eru:

- Atvinnuþróun og nýsköpun
- Samfélagi
- Umhverfi
- Menningu

Sóknaráætlun Vestfjarða er áætlað að stuða að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stöðir menningarlífs og auka samkeppnishæfi landshlutans og er það gert með því að setja fjármagn í Uppbyggingarsjóð Vestfjarða og fjármagn í áhersluverkefni ár hvert. Eru þau valin út frá þeim forsendum sem sett eru fram í þeirri framtíðarsýn sem kemur fram í áætluninni.

Á árinu 2022 var tímabil sóknaráætlunar hálfnað og var miðað við í upphafi að þá færi fram endurskoðun áætlunarinnar. Endurskoðun á áherslum sóknaráætlun var unnin með samtölum við hagaðila (atvinnulíf, menning og menntun), á Fjórðungspingi Vestfirðinga (sveitastjórnir) og á Ungmennapingi Vestfjarða haustið 2022. Í desember var boðað til fundar hagaðila og farið yfir niðurstöður rýni og að lokum vann vinnuhópur hluta stjórnar og starfsmanna Vestfjarðastofu tillögu. Nú í byrjun árs 2023 er áætlað að þessar endurskoðaðar áherslur verða birtar eftir samþykki stjórnar Vestfjarðastofu.

## 1. Mat á árangri sóknaráætlunar

Árið 2022 voru enn leifar af áhrifum heimsfaraldurs Covid19 og voru verkefni að klárast sem höfðu frestast sökum þess. Ný verkefni sem styrkt voru af Uppbyggingarsjóði og í áhersluverkefnum á árinu voru komin á fullt.

Heildarframlög til Sóknaráætlunar Vestfjarða námu rúmlega 120 mkr, þar af 9,9 mkr til áherslu í menningarmál, sem að frádregnum rekstrakostnaði var skipt á milli áhersluverkefna og framlaga Uppbyggingarsjóðs. Í áhersluverkefnum var áframhaldandi stuðningur við markaðssetningu ferðapjónustu, nýsköpun, atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum. Nýtt áhersluverkefni var sett af stað um orkuskipti í haftengdri starfsemi ásamt fleirum nýjum verkefnum.

Styrkir Uppbyggingarsjóðs gengu til fjölbreyttra verkefna á sviði menningar og atvinnuþróunar. Ferlum við mat og úthlutun styrkja var breytt árið 2021 með starfi tveggja fagraða í menningu og nýsköpun/atvinnuþróun sem meta gæði umsókna fyrir úthlutunarnefnd. Þetta fyrirkomulag hefur gengið mjög vel en í fagraðum eru umsóknir metnar bæði af fagfólki og aðilum utan svæðis. Niðurstöður fagraða fara síðan til úthlutunarnefndar þar sem nefndin fer yfir umsóknir með umsögnum fagraða til hliðsjónar.

Úthlutunarnefnd vill áréttta bókun sem sett var fram hjá nefndinni í síðustu úthlutun 2021 en þá samþykkti nefndin eftirfarandi bókun sem á enn við:

*„Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða lýsir áhyggjum af því að fjármagn til Uppbyggingarsjóðs hafi ekki hækkað um margra ára skeið og endurspeglar ekki verðlagshækkunar og gefi ekki færi á neinni uppbyggingu til dæmis í menningarlífi svæðisins. Takmarkað fé til stofn- og rekstrarstyrkja gefur ekki færi á að nýjar menningarstofnanir, söfn eða sýningar geti orðið til eða að eðlileg þróun geti orðið í menningarlífi svæðisins“ .*

## 2. Fjárframlög til samningsins

Heildarframlag ríkisins til Sóknaráætlunar Vestfjarða 2022 var kr.109.189.725,- Samkvæmt samningi Fjórðungssambands Vestfirðinga, Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytis leggja sveitarfélög á Vestfjörðum árlega kr. 9.900.000,- til Sóknaráætlunar Vestfjarða 2020-2024. Framlagið er tilgreint sem áhersluverkefni í menningarmálum og er bundið við stöðugildi menningarfulltrúa. Framlagið er því utan skiptingar grunnframlags sem kemur frá ráðuneytum.

**Tafla 1: Heildarfjárhæð samnings 2022**

	fjárhæðir í kr.
Framlög ríkisins	109,189,752
Viðaukasamningar (Umhverfis, orku og loftlagsráðuneyti)	10,000,000
Framlög sveitarfélaga	9,900,000
Önnur framlög (umfram úthlutun, bakfærisk 2023)	4,450,000
Önnur framlög FV	43,637
Flutt frá fyrra ári	9,616,611
Vaxtatekjur	0
<b>Samtals</b>	<b>143,200,000</b>

**Tafla 2: Ráðstöfun fjárframlaga 2022**

	fjárhæðir í kr.
Áhersluverkefni	55,100,000
Uppbyggingarsjóður	49,100,000
Stofn- og rekstrarstyrkir	18,000,000
Viðaukasamningar	10,000,000
Umsýsla	11,000,000
Óráðstafað 2022	
<b>Samtals</b>	<b>143,200,000</b>

### 3. Samráðsvettvangur

Í upphafi lögðu sveitafélögin til aðila til að sitja í samráðsvettvanginum. Sveitarfélögin tilgreindu einn fulltrúa úr sveitarstjórn og síðan 1-6 einstaklinga innan sín svæðis með þekkingu og áhuga á þeim sviðum sem snerta viðfangsefni sóknaráætlunar, þ.e. nýsköpun og atvinnuþróun, menningu, mannauð. Ekki var gerð krafa um að tilgreindir yrðu einstaklingar í alla flokka, því var sett að viðmiði að 2 til 7 fulltrúar yrðu tilnefndir af hverju sveitarfélagi en sum minni sveitarfélaganna náðu þó ekki því viðmiði. Ýmsar mannbreytingar voru frá upphaflegri skipan eins og eðlilegt hlýtur að teljast í svo stórum hópi en hópurinn samanstóð af 31 einstaklingum úr þeim 9 sveitarfélögum sem eru á Vestfjörðum.

**Tafla 3: Skiptan Fulltrúa í samráðsvettvang**

Bakgrunnur fulltrúa		Búseta fulltrúa		Aldur fulltrúa		Kyn fulltrúa	
Fulltrúi fyrir	Fjöldi	Sveitarfélag	Fjöldi	Aldursbil	Fjöldi	Karl / Kona	Fjöldi
Atvinnulífið		Strandabyggð		< 25 ára	0	Karlar	10
Atvinnulífið		Vesturb/Tálkn/Ísafj/Bol/Súðavík		25-39 ára	10	Konur	21
Menningarlífið		Vesturb/Bolungarv/Súðavík		40-60 ára	20	Annað	
Menningarlífið		Strandab/Tálknafj		> 60 ára	1		
Fræðasamfélag		Tálknafjörður					
Fræðasamfélag		Strandab/Vesturb/Ísafj/Tálkn					
Fræðasamfélag		Súðavíkurreppur					
Kjörnir fulltrúar		Bol.vík/Reykhólar/Kaldranesh					
Kjörnir fulltrúar		Bolungarvík					
Kjörnir fulltrúar		Ísafjörður					
Kjörnir fulltrúar		Árneshreppur					
<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>Samtals</b>	<b>31</b>	<b>Samtals</b>	<b>31</b>

Breytingar urðu á samráðsvettvangi á árinu 2022 en á árinu var tímabil sóknaráætlunar hálfnað og var miðað við í upphafi að þá færi fram endurskoðun áætlunarinnar. Vinna hófst á árinu við að endurskoða þær áherslur sem eru í Sóknaráætluninni. Sú endurskoðun var unnin með samtölum við hagaðila, á Fjórðungspingi Vestfirðinga og á Ungmennapingi Vestfjarða haustið 2022. Í desember var boðað til fjarfundar hagaðila og farið yfir niðurstöður rýni og að lokum vann vinnuhópur hluta stjórnar og starfsmanna Vestfjarðastofu tillögu. Nú í byrjun árs 2023 er áætlað að þessar endurskoðaðar áherslur verða birtar eftir samþykki stjórnar Vestfjarðastofu.

Góð reynsla er komin á fjarfunda fyrirkomulagið og hefur heimsfaraldur kennt okkur það að nýta tæknina betur.

## 4. Áhersluverkefni

### Áhersluverkefni 2022

Áhersluverkefni eru þróunarverkefni, sem unnin eru af starfsmönnum Vestfjarðastofu eða öðrum einstaklingum eða stofnunum á svæðinu sem hafa gert samning við Vestfjarðastofu um verkefni. Verkefni eru fjármögnuð sem hluti af Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 og skulu áhersluverkefni taka tillit til áherslna og markmiða hennar.

Tafla 4: Áhersluverkefni 2022

Heiti verkefnis	Framlag (þ.kr.)			Markmið	Tímabil
	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals		
Orkuskipti í haftengdri starfsemi - sviðsmyndir	6,000,000	4,000,000	10,000,000	Að móta sviðsmyndir mögulegrar þróunar orkuskipta í höfnum ásamt að greina og kortleggja innviði, útgerðaflokka með tilliti til orkunotkunar og staðsetningar helstu hafnarsvæða á Vestfjörðum	2022
Ungmennir fyrir Vestfirði framtíðar	1,500,000		1,500,000	Að hvetja ungmenni til lýðræðislegrar þátttöku og halda Ungmennahúsi	2022
Menntastefna fyrir Vestfirðir	4,500,000	2,500,000	7,000,000	Að greina stöðu, strauma og stefnur til að móta sameiginlega framtíðarsýn og aðgerðaáætlun um hvernig megi efla skólastarf á svæðinu frá leikskóla til háskóla	2022
Sýnilegrir Vestfirðir	7,200,000	5,000,000	12,200,000	Standa að 2-3 viðburðum/aðgerðum á ári sem stuðla að auknum sýnileika Vestfjarða sem fjárfestingakosti og til búsetu	2020-2022
Nýsköpunar og samfélagsmiðstöðvar	7,000,000		7,000,000	Stuðla að uppbyggingu nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðva á Vestfjörðum	2020-2022
Visit Westfjords	5,500,000		5,500,000	Að sinna beinni erlendri markaðssetningu á vesfirskri ferðaþjónustu, með vinnustofum, kynningum, blaðamannaferðum og samfélagsmiðlum	2020-2022
Vestfjarðaleiðin	6,000,000	6,225,000	12,225,000	Þróun ferðaleiðarinnar Vestfjarðaleiðin sem liggur um Vestfirðir og Dali	2020-2022
Blámi	7,500,000		7,500,000	Að efla nýsköpun og þróun á orkuskiptaverkefnum	2021-2023
	45,200,000	17,725,000	62,925,000		

## **Orkuskipti í haftengdri starfsemi- sviðmyndir**

Orkuskipti í sjávertengdri starfsemi eru á næsta leiti í samræmi við markmið ríkistjórnarinnar um samdrátt í losun á gróðurhúsalofttegundum. Bátar og skip sem nú nota jarðefnaeldsneyti munu skipta yfir í aðra orkugjafa en mikilvægt er að skilja hvaða orkugjafar eru líklegir til að henta hverjum notanda. Þannig verður hægt að skipuleggja hafnarsvæði með tilliti til orkuskipta og taka betri ákvarðanir um innviðaupbyggingu og móta heildstæðara skipulag í kringum hafnarsvæðið til framtíðar. Einnig verður hægt að flýta fyrir og styðja við orkuskipti í sjávertengdri starfsemi með því að skilja innviðapörf og áskoranir Verkefnið snýst um að móta sviðsmyndir mögulegrar þróunar orkuskipta í höfnum á Vestfjörðum. Greina og kortleggja innviði, útgerðaflokka með tilliti til orkunotkunar og staðsetningar á helstu hafnarsvæðum á Vestfjörðum. Verkefnið er unnið af Bláma

## **Ungmennni fyrir Vestfirði framtíðar**

Verkefnið snýr að því að halda ungmennaping á Vestfjörðum með áherslu á að stofna ungmennaráð en eitt af helstu markmiðum verkefnisins er að hvetja ungmenni til lýðræðislegrar þátttöku. Einnig að ungmenni á Vestfjörðum fái vettvang til að ræða loftslagsmál, heimsmarkmið, umhverfismál og tengja við eigin veruleika á Vestfjörðum.

## **Menntastefna fyrir Vestfirði**

Verkefnið snýr að því að móta menntastefnu og aðgerðaáætlun í menntamálum á Vestfjörðum. Markmiðið er að greina stöðu, strauma og stefnur til að móta sameiginlega framtíðarsýn og aðgerðaáætlun um hvernig megi efla skólastarf á svæðinu frá leikskóla til háskóla.

## **Sýnilegri Vestfirðir**

Verkefnið er til þriggja ára. Verkefnið er hugsað sem framhald verkefnisins „Vestfirðingar – Almannatengsl“ sem var áhersluverkefni árið 2018. Á verkefnatímanum verða haldnir amk. tveir stórir viðburðir á ári til að auka sýnileika svæðisins miðað við tiltekna markhópa. Árið 2022 verður sjónum beint að fyrirtækjum á svæðinu að miðla efni um fjárfestingar á Vestfjörðum.

## **Nýsköpun og samfélagsmiðstöðvar**

Stofnaður var sjóður sem Vestfjarðastofa sér um þar sem tíu miljónir eru í boði fyrir nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar á Vestfjörðum. Úthlutun er auglýst á vefsíðu Vestfjarðastofu og vefmiðlum á Vestfjörðum. Verkefnið er til þriggja ára

## **Visit Westfjords**

Verkefnið snýr að almennri markaðssetningu Vestfjarða sem áfangastað ferðamanna. Markmið verkefnisins er að sinna beinni erlendri markaðssetningu á vestfirskri ferðapjónustu með vinnustofum, kynningum, blaðamannaferðum og samfélagsmiðlum. Lokaafurð verkefnisins heilsteypt markaðsvinna fyrir Markaðsstofu Vestfjarða sem horfir til þeirra áherslupátta sem settir hafa verið t.d. með tilliti til lengingar ferðamannatímabilsins og dreifingar ferðamanna innan svæðisins. Verkefnið Visit Westfjords er í grunninn til að auka sýnileika Vestfjarða og til að sinna almennu markaðsstarfi sem ekki er fjármagnað með öðrum hætti.



## Vestfjarðaleiðin

Þróun ferðaleiðarinnar Vestfjarðaleiðin sem liggur um Vestfirðir og Dali. Unnið hefur verið með breska ráðgjafafyrirtækinu Blue Sail að þróun ferðaleiðarinnar og vinnukistu fyrir aðildarfyrirtæki. Einnig er unnið með almannatengslaskrifstofunni Cohn og Wolfe að mörkun og markaðsaðgerðum í tengslum við verkefnið. Um er að ræða 3 ára verkefni en fyrir árið 2022 eru ýmsar aðgerðir sem snúa að sýningum, vinnustofum og blaðamannaferðum með kynningum á Vestfjarðaleiðinni. Einnig eru aðgerðir sem snúa að þeim meðlimum sem skráð hafa sig í Vestfjarðaleiðina.

## Blámi

Um er að ræða samstarfsverkefni Landsvirkjunar, Vestfjarðastofu, Fjórðungssambands Vestfirðinga og Orkubús Vestfjarða. Afurð er stofnun félagsins Bláma en skrifað var undir samstarfssamning þann 15. desember 2020.

Meginmarkmið Bláma er að efla nýsköpun og þróun orkuskiptaverkefna. Með orkuskiptum er átt við að auka hlut vistvæns eldsneytis, vetnis og rafeldsneytis í samgöngum og iðnaði. Markmiðið er að ýta undir orku- og loftslagstengda nýsköpun, efla frumkvöðla og styrkja nýsköpunarumhverfið á Vestfjörðum. Ætlunin með Bláma er að leiða saman aðila sem geta unnið saman við það að afla alþjóðlegs fjármagns til tilrauna, rannsókna og þróunar á orku- og loftslagsvænum lausnum. Með nýjum tækifærum og auknu samstarfi á milli fyrirtækja og opinberra aðila er hægt að ýta undir að verkefni og tækifæri sem skapast á svæðinu þróist í átt að hringrásarhagkerfi, þar sem verðmætasköpun úr vannýttu hráefni er aukin, bæði úr því sem er til staðar og því sem verður til vegna nýrra verkefna eða framleiðslu.

## 5. Uppbyggingarsjóður

Stjórn Vestfjarðastofu samþykkti á 39. fundi þann 22. september 2021 ramma styrkúthlutunar, starfshætti og úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fyrir árið 2022. Sú úthlutun var með umsóknarfresti til 4. nóvember, en alls bárust sjóðnum 101 umsóknir upp á 201.330.678 kr.

### Áherslur ársins 2022

Að jafnaði er litið til verkefna sem efla nýsköpun og atvinnuþróun á svæðinu, stuðla að vöruþróun og hönnun, verkefni sem mynda atvinnutækifæri og auka fagmennsku á sviði lista og menningar, verkefni sem styðja við uppbyggingu og eflingu menningartengdrar ferðaþjónustu og síðast en ekki síst verkefni sem eru gjaldeyrisskapandi.

Við úthlutun til atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna verður sérstaklega litið til:

- a) Verkefna sem auka hagnýtingu á stafrænni tækni
- b) Verkefna sem stuðla að vöruþróun, nýsköpun eða innleiðingu hönnunar í starfandi fyrirtækjum.
- c) Verkefni sem efla vöru- og tækniþróun með áherslu á virði afurða.
- d) Verkefni sem hyggjast sækja um í alþjóðlega samkeppnissjóði.

Við úthlutun til menningarverkefna verður sérstaklega litið til:

- a) Verkefna sem efla samstarf á milli svæða á Vestfjörðum.
- b) Verkefna sem skapa störf innan skapandi greina.
- c) Verkefna sem stuðlar að vexti fjölmenningsfélagsins á Vestfjörðum.
- d) Verkefna sem stuðla að aukinni þátttöku almennings í menningar- og félagsstarfi.

### Fagráð og úthlutunarnefnd

Á 65. haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga var tillaga varðandi fagráð og úthlutunar lagt fram og eftirfarandi samþykkt. Fagráð meta gæði umsókna og leggja tillögu fyrir úthlutunarnefnd um styrkhæf verkefni, úthlutunarnefnd tekur tillögur fagráða og ákveður styrkjárhæð.

Þeir sem sátu í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs 2022 voru:

#### Fagráð menningar

##### Aðalmenn

Smári Haraldsson, Ísafjarðarbæ, formaður  
Svanhvít Skjaldardóttir, Vesturbyggð  
Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir, Reykhólum  
Elísabet Haraldsdóttir, utan svæðis,

##### Varamenn

Guðrún Bjarnveig Magnúsdóttir, Bolungarvík  
Davíð Rúnar Gunnarsson, Vesturbyggð  
Hrafnhildur Skúladóttir Strandabyggð  
Bjarni Snæbjörnsson, utan svæðis

## **Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar**

### Aðalmenn

Tinna Ólafsdóttir, Ísafjarðarbæ  
Sigurður Viggósson, Vesturbyggð  
Viktória Rán Ólafsdóttir, Strandabyggð  
Hólmfríður Einarsdóttir, utan svæðis, formaður

### Varamenn

Jón Páll Hreinsson, Bolungarvík  
Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, Reykhólar  
Arnar Sigurðsson, utan svæðis

## **Úthlutunarnefnd**

### Aðalmenn

Kristján Þór Kristjánsson Ísafjarðarbæ, formaður  
Friðbjörg Matthíasdóttir, Vesturbyggð  
Árný Huld Haraldsdóttir, Reykhólar  
Smári Haraldsson formaður fagráðs menningar  
Hólmfríður Einarsdóttir, formaður fagráðs nýsköpunar

### Varamenn

Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, Bolungarvík  
Ingibjörg Jóna Nóadóttir, Tálknafirði  
Árný Huld Haraldsdóttir, Reykhólum  
Bjarni Snæbjörnsson, utan svæðis  
Arnar Sigurðsson, utan svæðis

## Úthlutun og styrkir árið 2022

Auglýst var eftir umsóknum um styrk úr sjóðnum með því að prenta fjórblöðung sem var dreift inn á öll heimili og fyrirtæki á Vestfjörðum. Einnig var umsóknarfrestur kynntur á samfélagsmiðlum, á vef Vestfjarðastofu og með vefborðum á BB.is og Strandir.is

Heildarupphæð til úthlutunar fyrir árið 2022 voru 67.100.000.- kr. Þar af voru búið að ráðstaða til langtímaverkefna, 12.650.000.- kr. Til úthlutunar til nýrra verkefna fyrir árið 2022 var því 54.450.000.- kr.

**Tafla 5: Upplýsingar um umsóknir/styrki árið 2022**

Umsóknir	
Fjöldi umsókna	101
Heildarfjárhæð sem sótt var um	201.330.678
Veittir styrkir	
Fjöldi styrkja	57
Árangurshlutfall umsókna	56%
Heildarupphæð styrkja	54.450.000
Fjöldi styrkja undir 500 þús.	13
Fjöldi styrkja milli 500 þús. til 2,5 m.kr.	44
Fjöldi styrkja hærrí en 2,5 m.kr.	0
Áætlaður fjöldi ársverka	47

Sjö eldri umsóknir höfðu fengið styrki til fleiri en eins árs en þær eru ekki taldar með styrkjum ársins 2022 hér fyrir ofan. 57 nýjar umsóknir voru samþykktar. Samtals var því samþykkt að veita 64 verkefnum styrk árið 2022 en heildarupphæð úthlutunar fyrir árið 2022 var 64.100.000 kr.

Allir sem sóttu um í sjóðinn fengu senda niðurstöðu í tölvupósti þann 3. desember 2021 en fundir úthlutunarnefndar fór fram 22., 29. og 30. nóvember 2021.

### **Stofn- og rekstrarstyrkir:**

Umsækandi	ár	Styrkupphæð
Edinborgarhúsið ehf	2022-2024	2.500.000
Strandagaldur ses	2022-2024	2.000.000
Skóbúðin hversdagssafn ehf.	2022	1.200.000
Kómedíuleikhúsið, áhugamannafélag	2022	1.000.000
Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf.	2022	1.000.000
Félag um safn Gísla á Uppsölum	2022	750.000
Baskavinafélagið á Íslandi / Baskasetur Íslands	2022	700.000
Kol og salt ehf / Artsiceland og Úthverfa	2022	600.000
<b>Alls:</b>		<b>9.750.000</b>

### Verkefnisstyrkir til menningarmála:

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Styrkupp hæð
Menningarviðburðir í Edinborgarhúsinu	Edinborgarhúsið ehf	1.500.000
Nr 4 Umhverfing	Academy of the Senses	1.000.000
Menningardagskrá FLAK 2022	FLAK ehf.	1.000.000
Í garðinum hjá Láru	Pétur Albert Sigurðsson	1.000.000
Act alone 2022	Act alone, félagasamtök	1.000.000
Opera Manoson	Tónlistarskóli Ísafjarðar	1.000.000
Blús milli fjalls og fjöru.	Blús milli fjalls og fjöru, félagasamtök	750.000
The Factory - listasýning	Hótel Djúpvík ehf.	750.000
With Love, Iceland	Jamie Lai Boon Lee	750.000
Tónlistarhátíðin Miðnætursól	Tónlistarskóli Bolungarvíkur	700.000
Lesið í sköpunarkraft Vestfjarða	Birna Bjarnadóttir / Ingi Björn Guðnason	600.000
Vetrarhátíðir á Ströndum: Vetrarsól og Hörmungadagar	Arnkátla - lista- og menningarfélag	600.000
Stelpur filma á landsbyggðinni!	RIFF	500.000
Listahátíð Samúels	Félag um listasafn Samúels	500.000
Flatbirds Art Walk	Juraj Hubinák	500.000
Símasögur - stuttmyndagerð á snjallsímum	Glimrandi framleiðsla ehf.	500.000
Viðburðir norðan Djúps	Sögumiðlun ehf	500.000
Ísleifur á heimaslóðum	Listfélagið Steingrímur	500.000
Gústi Guðsmaður, leikrit	Kómedíuleikhúsið, áhugamannfélag	450.000
Isolation - living in Hornstrandir	Red Blokkur, félagasamtök	450.000
Hin saklausa skemmtun	Vigdís B Esmadóttir	450.000
Leikrit í fullri lengd	Leikfélag Hólmavíkur	450.000
International Westfjords Piano Festival	Andrew Junglin Yang	400.000
2. F. Chopin tónlistarhátíðin á Ísafirði	Fryderic Chopin tónlistarfélagið á Íslandi	400.000
List í Alviðru 2022 - Við sjávarsíðuna	Dagrún Matthíasdóttir	350.000
Fyrirlestur um gervigreind	Stefán Þór Þorgeirsson	340.000
Þjóðleikur á Hólmavík	Leikfélag Hólmavíkur	300.000
Valse triste - sýning	Kol og salt ehf	250.000
ArtsIceland - viðburðir	Kol og salt ehf	210.000
	<b>Alls:</b>	<b>17.700.000</b>

## Verkefnisstyrkir til atvinnubrúunar- og nýsköpunarmála

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Styrkupp hæð
Gráðaostagerð Öfundarfjarðar.	Otti Freyr Steinsson	2.700.000
Nýting á birkiskógum Vestfjarða	Elías Guðmundsson	2.000.000
Fab Lab Strandir	Sýslið verkstöð ehf.	2.000.000
Krabbaeldi og vinnsla á Hólmavík	Hafþór Torfason	2.000.000
Kraftur úr Hafinu: Crab & seaweed soup powder	Jamie Lai Boon Lee	2.000.000
Náttúrubarnaskóli og náttúrubarnahátíð	Sauðfjársetur á Ströndum ses	1.800.000 til þriggja ára
Vitalína Kertahússins	Fantastic Fjords ehf.	1.500.000
Cycling Westfjords	Halldóra Björk Norðdahl	1.500.000
Í átt að sjálfbærum Vestfjörðum	Náttúrustofa Vestfjarða	1.500.000
The Westfjords Way Challenge	Tyler James Wacker	1.400.000
Bæjarmynd Bíldudals - greining, mótun og áætlanagerð	Gyða-áhugamannafélag	1.200.000
Saga.AR	Gunnar Ólafsson	1.200.000
Minni-Bakki í Skálavík	Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir	1.200.000
Raunhæfi sjávarfallavirkjana við Vestfirði	Valorka ehf	1.000.000
Hjólað um Vestfirði - Westfjords the Cycle Way	Skútusiglingar ehf.	1.000.000
Sjávarlúsadreifingarlíkan og vöktun sjávarlúsa	Náttúrustofa Vestfjarða	1.000.000
Markaðsetning Ísafjarðar sem áfangastað fjallahjólarans.	Hjólreiðadeild Vestra	750.000
Daytripster - sýndarveruleikaupplifun á Vestfjörðum	Satu Liisa Maria Raemö	500.000
Umsóknarskrif fyrir Evrópuverkefni – Orkuskipti í dreifbýlum	Blámi félagasamtök	400.000
Wildness - Björgum hafinu (Save the Oceans)	Lukás Polách	350.000
	<b>Alls:</b>	<b>27.000.000</b>

**Tafla 6: Atvinnugreinaflokkun umsókna**

Atvinnugreinaflokkun - umsóknir		fjöldi
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur	Annað	2
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur	Ferðaþjónusta	11
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur	Iðnaður	2
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur	Matvæli	7
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur	Rannsóknir/Þróun/Fræðsla	7
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur	Skapandi greinar	6
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur	Verslun/Þjónusta	2
Menningarstyrkur	Annað	4
Menningarstyrkur	Blönduð menningardagskrá	7
Menningarstyrkur	Bókmenntir/Fræðirit/Margmiðlun	3
Menningarstyrkur	Fræðsla/Námskeið	5
Menningarstyrkur	Kvikmyndalist	4
Menningarstyrkur	Leiklist og aðrar sviðslistir	6
Menningarstyrkur	Málþing/Ráðstefnur	1
Menningarstyrkur	Menningararfur/Safnamál	3
Menningarstyrkur	Menningartengd ferðaþjónusta	8
Menningarstyrkur	Myndlist/Ljósmyndalist	5
Menningarstyrkur	Tónlist	8
Stofn- og rekstrarstyrkur	Annað	1
Stofn- og rekstrarstyrkur	Rekstrarstyrkur	7
Stofn- og rekstrarstyrkur	Stofn-og rekstrarstyrkur	2
	<b>samtals</b>	<b>101</b>

**Tafla 7: Atvinnugreinaflokkun styrkja**

Atvinnugreinaflokkun - veittir styrkir		fjöldi
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur	Annað	1
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur	Ferðaþjónusta	7
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur	Matvæli	4
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur	Rannsóknir/Þróun/Fræðsla	3
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur	Skapandi greinar	3
Menningarstyrkur	Annað	2
Menningarstyrkur	Blönduð menningardagskrá	6
Menningarstyrkur	Bókmenntir/Fræðirit/Margmiðlun	2
Menningarstyrkur	Fræðsla/Námskeið	1
Menningarstyrkur	Kvikmyndalist	2
Menningarstyrkur	Leiklist og aðrar sviðslistir	5
Menningarstyrkur	Málþing/Ráðstefnur	1
Menningarstyrkur	Menningartengd ferðaþjónusta	1
Menningarstyrkur	Myndlist/Ljósmyndalist	4
Menningarstyrkur	Tónlist	6
Stofn- og rekstrarstyrkur	Annað	1
Stofn- og rekstrarstyrkur	Rekstrarstyrkur	6
Stofn- og rekstrarstyrkur	Stofn-og rekstrarstyrkur	2
	<b>samtals</b>	<b>57</b>

## Fyrirmyndarverkefni árið 2022

### Vitalína Kertahússins

Verkefnið snýr að því að hanna nýja vörulínu, Vitalínu, af 8 mismunandi vitum hringinn í kringum landið. Það eykur við vöruframboð Kertahússins, skapar fjölbreytt störf við hönnun, framkvæmd og framleiðslu. Vitakertin verða í tveimur stærðum og hanna þarf öskjur, límmiða og bæklinga sem segja sögu þeirra, lýsa arkitektúr og sýna staðsetningu þeirra. Vitakertin eru því fullkomin gjöf sem upphafur vestfirska framleiðslu og nýsköpun en markmiðið er að markaðssetja þessi kerti á landsvísu.



### International Westfjords Piano Festival



Tónlistarhátíð með áherslu á píanóleik í hæsta gæðaflokki. Á hverju ári munu píanóleikarar hátíðarinnar bjóða upp á spennandi dagskrá með einstakri listrænni sýn og halda meistaranámskeið fyrir nemendur í samfélaginu sem lýkur með nemendatónleikum. Á upphafsárinu verður boðið upp á heimsþekktan ungverskan píanóleikara, Peter Toth, og bandaríska píanóleikarann Andrew J. Yang, sem er tónlistarkennari á Patreksfirði.



## 6. Lokaorð

Það er brýnt að kynna það öfluga verkfæri sem sóknaráætlun landshlutanna er fyrir ráðherrum og þingmönnum. Margir þeirra þekkja ekki hugmyndafræðina á bak við sóknaráætlun og gera sér ekki grein fyrir því að þarna er til þróaður farvegur til að koma fjármagni í vinnu í þágu landshlutanna.

Það verður æ mikilvægara að taka umhverfispáttinn inn í mat verkefna. Í dag semur umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið beint um einstök verkefni í formi viðaukasamnings við sóknaráætlun. Æskilegra væri að ráðuneytið nýtti sér sóknaráætlun og kæmi inn í sóknaráætlun 2025-2029 og styðji þannig við verkefni sem snerta málavíð ráðuneytisins. Þannig myndu þau verkefni sem stuðla að sjálfbærni skora hærra en önnur og verða því líklegri til að hljóta styrk. Þannig yrði innbyggður í sóknaráætlun hvati, annars vegar til að huga að sjálfbærni í öllum verkefnum og hins vegar til að sækja um verkefni sem beinlínis snúa að sjálfbærni.

## 7. Undirritun og staðfesting

Hér með er þessi greinargerð lögð fram og staðfest að allar upplýsingar eru gefnar af bestu vitund um nákvæmni, áreiðanleika og réttmæti.

Ísafirði og Hólmavík, 21. mars 2023

Aðalsteinn Óskarsson, sviðstjóri

Magnea Garðarsdóttir, verkefnastjóri

Skúli Gautason, menningarfulltrúi

## 8. Viðauki – leiðbeiningar og skilgreining hugtaka í töflum

### Tafla 1. Heildarfjárhæð samnings 2022

*Framlög ríkisins:* Heildarframlög ríkisins til samningsins (grunnframlög frá ANR og MMR).

*Viðaukasamningar:* Framlög sem koma sem viðaukar við samninginn, ef við á.

*Framlög sveitarfélaga:* Heildarframlög sveitarfélaga til samningsins.

*Önnur framlög:* Önnur framlög til samningsins, ef við á.

*Flutt frá fyrra ári:* Fjármunir sem ekki var ráðstafað árið 2021 (þ.m.t. styrkir sem féllu niður) og flutt yfir á árið 2022, ef við á.

*Vaxtatekjur:* Vaxtatekjur fjármuna samningsins árið 2022 (sbr. ákvæði samningsins).

*Heildarupphæð:* Samtala ofangreindra upplýsinga. Þessi tala á að vera sú sama og samtalan í töflu 2.

### Tafla 2. Ráðstöfun fjárframlaga 2022

*Áhersluverkefni:* Heildarupphæð sem ráðstafað var til áhersluverkefna.

*Uppbyggingarsjóður:* Heildarupphæð sem ráðstafað var til uppbyggingarsjóðs.

*Stofn- og rekstrarstyrkir:* Heildarupphæð sem ráðstafað var til stofn- og rekstrarverkefna, ef við á.

*Viðaukasamningar:* Heildarupphæð viðaukasamninga, ef við á.

*Umsýsla:* Heildarupphæð sem ráðstafað var í umsýslu með samningnum.

*Óráðstafað 2022:* Heildarupphæð sem ekki var ráðstafað árið 2022, ef við á. Stefnt skal að því að ráðstafa öllu framlagi hvers ár innan ársins.

Samtalan í töflu 2 á að vera sama samtalan í töflu 1.

### Tafla 3. Samráðsvettvangur

*Bakgrunnur fulltrúa:* Fjöldi fulltrúa úr hverjum "geira". Hver einstaklingur aðeins talinn einu sinni. „Kjörnir fulltrúar“ eru þeir sem eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórnnum.

*Búseta fulltrúa:* Fylla skal út í línurnar með heitum allra sveitarfélaga í landshlutanum og fjölda fulltrúa frá hverju þeirra, hvort sem sveitarfélagið á fulltrúa í samráðsvettvangnum eður ei.

*Aldur fulltrúa:* Fjöldi fulltrúa sem er yngri en 25 ára, fjöldi sem eru á bilinu 25-39 ára, fjöldi sem eru á bilinu 40-60 ára og fjöldi sem eru eldri en 60 ára.

*Kyn fulltrúa:* Heildarfjöldi karla annars vegar og heildarfjöldi kvenna hins vegar.

### Tafla 4. Áhersluverkefni

*Heiti verkefnis:* Þarfnast ekki skýringa.

*Framlag úr sóknaráætlun:* Þarfnast ekki skýringa.

*Mótframlag:* Heildarmótframlag til verkefnisins á árinu, ef við á. Athugið að hér er eingöngu átt við fjármuni, ekki vinnuframlag.

*Markmið:* Stutt og hnitmiðað. Ein til þrjár setningar um markmið verkefnis.

*Tímabil:* Hvenær hófst verkefnið og hvenær eru áætluð verklok / hvenær lauk verkefninu.

### Tafla 5. Umsóknir / styrkir

Tafla 5 er tvískipt. Annars vegar er beðið um upplýsingar um umsóknir og hins vegar er beðið um upplýsingar um styrkúthlutanir.

*Fjöldi umsókna:* Heildarfjöldi umsókna í uppbyggingarsjóð á árinu.

*Heildarupphæð sem sótt var um:* Samanlögð upphæð allra umsókna á árinu.

*Fjöldi styrkja:* Heildarfjöldi styrkja úr uppbyggingarsjóði á árinu.

*Árangurshlutfall umsókna:* Heildarfjöldi styrkja deilt með heildarfjölda umsókna.

*Heildarupphæð styrkja:* Heildarupphæð sem úthlutað var úr uppbyggingarsjóði á árinu.

*Fjöldi verkefna undir 500 þús.:* Þarfnast ekki skýringar.

*Fjöldi verkefna milli 500 þús til 2,5 m.kr.:* Þarfnast ekki skýringar.

*Fjöldi verkefna hærrí en 2,5 m.kr.:* Þarfnast ekki skýringar.

*Áætlaður fjöldi ársverka:* Umsækjandi þarf að láta landshlutasamtökunum þessar upplýsingar í té. Eingöngu er átt við störf sem skapast á verkefnatímanum og greitt er fyrir, hvort heldur sem er með styrknum sjálfum eða með mótframlagi. Eitt ársverk eru 2.080 klukkutímar eða 12 x 173,3 klst (mannmánuður). Ef vinnuframlag í einu verkefni eru tveir mann mánuðir þá er áætlaður fjöldi ársverka 0,17 (þ.e.  $173,3 \times 2 = 346,7$  klst. deilt með 2080 = 0,17), ef vinnuframlagið er hálf ár, þá er það hálf ársverk ( $2080/2 = 1040$  klst. deilt með 2080 klst. = 0,5).

### **Töflur 6 og 7. Atvinnugreinaflokkun**

Í töflu 6 er annars vegar er beðið um upplýsingar tengdum umsóknum og í töflu 7 er hins vegar beðið um upplýsingar tengdum styrkúthlutunum